Allur ferðakostnaður greiðist skv. framlögðum reikningi.

Löggildingarstofan getur gert fast tilboð í framkvæmd eftirlits með faggildingu.

Kostnaður vegna vinnu sérfræðings (sérfræðinga) við tæknilegt mat greiðist skv. framlögðum reikningi.

4. gr.

Gjöld vegna B-faggildingar endurskoðunarverkstæða:

| | | Kr. | m/vsk. |
|---|---|---|---|
| F.5 | Umsóknar- og faggildingargjald | 29.900 | 37.226 |
| F.6 | Eftirlitsgjald | 18.800 | 23.406 |

5. gr.

F.4 Þegar um er að ræða mat eða úttektir þar sem ekki er um faggildingu að ræða skal samið sérstaklega um þóknun.

6. gr.

Verði breyting á álagningu virðisaukaskatts, geta upphæðir í dálknum merktum „m/vsk.“ (með virðisaukaskatti) breyst til samræmis við þá breytingu til hækkunar eða lækkunar án þes að sú breyting kalli á endurskoðun gjaldskrár þessarar og endurútgáfu.

7. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 18. gr. laga nr. 100 frá 16. desember 1992, um vog, mál og faggildingu. Gjaldskráin öðlast gildi 1. mars 1995 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá nr. 19 frá 14. janúar 1993.

*Viðskiptaráðuneytið, 20. febrúar 1995.*

F. h. r.

**Þorkell Helgason.**

*Ásgeir Einarsson.*

Nr. 122 20. febrúar 1995

# GJALDSKRÁ

**Löggildingarstofunnar fyrir löggildingar, prófanir og kvarðanir.**

1. gr.

*Löggildingar.*

| 1 | Vogarlóð | Kr. | m/vsk. |
|---|---|---|---|
| 1.10 | 1 g - 2 kg M2* | 1.580 | 1.967 |
| 1.11 | 5, 10 og 20 kg M2 | 2.000 | 2.490 |
| 1.12 | 50 kg M2 | 2.630 | 3.274 |
| 1.20 | 1 mg - 2 kg M1* | 2.000 | 2.490 |
| 1.21 | 5, 10 og 20 kg M1 | 2.630 | 3.274 |
| 1.22 | 50 kg M1 | 5.250 | 6.536 |
| 1.30 | 1 mg - 2 kg F1* | 4.200 | 5.229 |
| 1.31 | 5, 10 og 20 kg F1 | 5.250 | 6.536 |
| 1.32 | 50 kg F1 | 10.500 | 13.073 |

* Sjá viðauka 1 um nákvæmnisflokka

Vogarlóð án stillihólfs verða *ekki* endurlöggilt.

## 2 Vogarbúnaður í nákvæmnisflokki II (sjá viðauka 2)

| | | Kr. | m/vsk. |
|---|---|---|---|
| 2.1 | Burðarþol ≤ 30 kg | 9.980 | 12.425 |

Vogarbúnaður í nákvæmnisflokki I (sjá viðauka 2). Sjá gjaldskrárlið 12.1

## 3 Brautarvogir fyrir sláturhús

| | | Kr. | m/vsk. |
|---|---|---|---|
| 3.1 | Burðarþol ≤200 kg | 23.630 | 29.419 |
| 3.2 | Burðarþol >200 - 450 kg | 27.830 | 34.648 |

## 4 Öxulþungavogir

| | | Kr. | m/vsk. |
|---|---|---|---|
| 4.1 | Prófun án löggildingar | 9.450 | 11.765 |

## 5 Vogarbúnaður í nákvæmnisflokkum III og IIII (sjá viðauka 2)

| | | Kr. | m/vsk. |
|---|---|---|---|
| 5.1 | Burðarþol ≤30 kg | 6.300 | 7.844 |
| 5.2 | Burðarþol >30 - 200 kg | 8.400 | 10.458 |
| 5.3 | Burðarþol >200 - 500 kg | 10.500 | 13.073 |
| 5.4 | Burðarþol >500 - 2.000 kg | 17.850 | 22.223 |
| 5.5 | Burðarþol >2.000 - 5.000 kg | 24.150 | 30.067 |

## 6 Bílavogir í nákvæmnisflokkum III og IIII (sjá viðauka 2)

| | | Kr. | m/vsk. |
|---|---|---|---|
| 6.1 | Burðarþol ≤60.000 kg | 90.000 | 112.050 |
| 6.2 | Burðarþol >60.000 - 100.000 kg | 125.000 | 155.625 |

## 7 Sjálfvirkar ósamfelldar löndunarvogir

| | | Kr. | m/vsk. |
|---|---|---|---|
| 7.1 | Burðarþol ≤1000 kg | 26.250 | 32.681 |

## 8 Reislur

| | | Kr. | m/vsk. |
|---|---|---|---|
| 8.1 | Reislur, burðarþol ≤ 20 kg | 1.700 | 2.117 |

## 9 Vínmælar

| | | Kr. | m/vsk. |
|---|---|---|---|
| 9.1 | Veltivínmál; rúmtak 3 cl og 6 cl | 1.580 | 1.967 |
| 9.2 | Annað | Skv. reikningi | |

## 10 Mælibúnaður fyrir, eldsneyti, olíur og mjólk

| | | Kr. | m/vsk. |
|---|---|---|---|
| 10.1 | Mælibúnaður með hámarksrennsli ≤ 100 l/mín | 8.400 | 10.458 |
| 10.2 | Mælibúnaður með hámarksrennsli >100 l/mín - 800 l/mín | 9.980 | 12.425 |
| 10.3 | Mælibúnaður með hámarksrennsli >800 l/mín - 2.000 l/mín | 15.230 | 18.961 |
| 10.4 | Mælibúnaður með hámarksrennsli >2.000 l/mín - 3.000 l/m | 20.480 | 25.498 |

## 11 Lengdarmál

| | | Kr. | m/vsk. |
|---|---|---|---|
| 11.1 | Málbönd ≤ 100 cm | 7.880 | 9.811 |
| 11.2 | Kvarðar fyrir álnavöru 0,5 m og 1,0 m | 580 | 722 |
| 11.3 | Möskvamælar | 2.940 | 3.660 |

## 12 Sérferðir

12.1 Sérferðir greiðast samkvæmt reikningi, og reiknast hlutar úr klukkustund sem ein klukkustund. Einnig reiknast: Akstur, ferðakostnaður og iðgjald af vátryggingu á tækjum og ferðatrygging. Þessi kostnaður leggst ofaná gjaldskrá viðkomandi tækis eins og við á.



**Endurprentað blað.**

13 Annað

13.1 Löggilding og prófun annars búnaðar, svo sem vogarbúnaðar í nákvæmnisflokki I (sjá viðauka 2), lóða af öðrum stærðum en um getur í lið 1 og mælitæki utan þeirra mælisviða sem upp eru talin hér á undan. Skv. reikningi eða tilboði

14 Afsláttur

14.1 Ef prófun leiðir í ljós að mælibúnaðurinn stenst ekki löggildingarkröfur er heimilt að veita 50% afslátt frá gildandi löggildingargjaldskrá.

14.2 Heimilt er að veita 15 % afslátt af gjaldskrá þessari sé komið með tæki, sem falla undir gjaldalið 2 og 5, til prófunar eða löggildingar á Löggildingarstofuna.

14.3 Heimilt er við löggildingu mælitækja að veita magnafslátt, stigvaxandi allt að 30% ef mælitækin eru:

a. 20 eða fleiri
b. í eigu sama aðila
c. prófuð í sömu ferð og á sama stað.

Við vanskil fellur þessi afsláttur niður. Afsláttur getur í engu tilfelli orðið meiri en 30% alls.

2. gr.
*Prófanir.*

21 Frumsannprófun Skv. reikningi eða tilboði

22 Prófanir á vogarbúnaði Skv. viðeigandi liðum í 1. gr.

Um er að ræða prófanir í þeim tilfellum þar sem ekki er óskað eftir né gerð krafa um löggiltan vogarbúnað. Miðað er við að um sambærilega vinnu og við löggildingar sé að ræða.

23 Aðrar prófanir Skv. reikningi eða tilboði

3. gr.
*Kvarðanir.*

| 31 | Kvörðun lóða | Kr. | m/vsk. |
|---|---|---|---|
| 31.10 | grunnverð | 4.500 | 5.603 |
| 31.11 | merking lóðs | 550 | 685 |
| 31.12 | flokkun kvarðaðs lóðs án stillingar | 250 | 311 |
| 31.20 | ≤ 10 kg [1)] | 1.600 | 1.992 |
| 31.21 | lóð >10 - 50 kg [1)] | 2.150 | 2.677 |
| 31.22 | lóð >50 - 100 kg [1)] | 2.700 | 3.362 |
| 31.23 | lóð >100 - 200 kg [1)] | 3.200 | 3.984 |
| 31.24 | lóð >200 - 500 kg [1)] | 6.400 | 7.968 |
| 31.30 | ≤ 10 kg [2)] | 2.240 | 2.789 |
| 31.31 | lóð >10 - 50 kg [2)] | 3.010 | 3.747 |
| 31.32 | lóð >50 - 100 kg [2)] | 3.780 | 4.706 |
| 31.33 | lóð >100 - 200 kg [2)] | 4.480 | 5.578 |
| 31.34 | lóð >200 - 500 kg [2)] | 8.960 | 11.155 |

1) Gjaldskrárliðir 31.20 til 31.24 miðast við kvörðun með óvissu sem er sambærileg við M1 vikmörk, sjá viðauka 1.

2) Gjaldskrárliðir 31.30 til 31.34 miðast við kvörðun með óvissu sem er sambærileg við F2 vikmörk, sjá viðauka 1.

Önnur vinna við lóð, svo sem stilling inn í nákvæmnisflokk er ekki innifalin í ofangreindum gjaldaliðum.

Venjulega er gert eitt kvörðunarvottorð fyrir hvert lóð. Þó má gera eitt vottorð sameiginlega fyrir lóðasafn, sem á að fylgjast að í notkun og líta má á sem eina heild. Slíkt lóðasafn er venjulega í sérstökum kassa. Lóðasafnið ber aðeins eitt grunngjald.

| 32 | Kvörðun vogabúnaðar | Kr. | m/vsk. |
|---|---|---|---|
| 32.1 | Grunnverð vegna vottorðs | 9.000 | 11.205 |

Við grunnverð bætist gjald fyrir kvörðunarvinnu sem er jafnt gjaldi fyrir löggildingu fyrir viðkomandi vogarbúnað.

| 33 | Kvörðun rúmtaks fyrir mæliker og tanka | | Kr. | m/vsk. |
|---|---|---|---|---|
| 33.10 | grunnverð vegna vottorðs | | 9.000 | 11.205 |
| 33.20 | heildarrúmtak | ≤ 1 l | 3.000 | 3.735 |
| 33.21 | hvert kvarðað aukagildi | | 1.000 | 1.245 |
| 33.30 | heildarrúmtak | ≤ 10 l | 5.000 | 6.225 |
| 33.31 | hvert kvarðað aukagildi | | 1.500 | 1.868 |
| 33.40 | heildarrúmtak | ≤ 100 l | 20.000 | 24.900 |
| 33.41 | hvert kvarðað aukagildi | | 2.000 | 2.490 |
| 33.50 | heildarrúmtak | ≤ 1000 l | 40.000 | 49.800 |
| 33.51 | hvert kvarðað aukagildi | | 3.000 | 3.735 |
| 33.60 | heildarrúmtak | ≤ 10.000 l | 60.000 | 74.700 |
| 33.61 | hvert kvarðað aukagildi | | 4.500 | 5.603 |

| 34 | Kvörðun rennslismæla | Kr. | m/vsk. |
|---|---|---|---|
| 34.1 | Grunnverð vegna vottorðs | 9.000 | 11.205 |

Við grunnverð bætist gjald fyrir kvörðunarvinnu sem er jafnt gjaldi fyrir löggildingu fyrir viðkomandi rennslismæli.

| 35 | Kvörðun hitamæla (-50 til +250°C) | Kr. | m/vsk. |
|---|---|---|---|
| 35.10 | grunnverð | 9.000 | 11.205 |
| 35.11 | lágmarksgjald | 15.600 | 19.422 |
| 35.20 | hvert kvarðað gildi undir 0°C | 3.000 | 3.735 |
| 35.21 | hvert kvarðað gildi frá 0°C til 90°C | 2.000 | 2.490 |
| 35.22 | hvert kvarðað gildi yfir 90°C | 3.000 | 3.735 |

Heimilt er að semja um sérverð við kvarðanir hitamæla, enda séu kvarðaðir a.m.k. 10 mælar í senn, á sömu gildum. Tilraunastofur skóla geta fengið sértilboð.

36 Annað

36.1 Aðrar kvarðanir — skv. reikningi eða tilboði

4. gr.

Innifalið í gjaldskrá eru laun, ferðir og uppihald starfsmanna Löggildingarstofunnar, notkun tækja stofunnar og þess búnaðar sem notaður er við prófanir á löggildingarhæfi.

Aðstoð mælitækiseiganda, svo sem handlang og flutningur lóða og mælitækja á staðnum, kostnaður við að opna hús og veita starfsmönnum Löggildingarstofunnar aðgang að mælitækjum, útvegun aukaþyngda og annað slíkt skal borinn af mælitækiseiganda.

5. gr.

Verði breyting á álagningu virðisaukaskatts, geta upphæðir í dálknum merktum „m/vsk." (með virðisaukaskatti) í 1. - 3. gr. breyst til samræmis við þá breytingu til hækkunar eða lækkunar án þess að sú breyting kalli á endurskoðun gjaldskrár þessarar og endurútgáfu.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 18. gr. laga nr. 100 frá 16. desember 1992, um vog, mál og faggildingu. Gjaldskráin öðlast gildi 1. mars 1995 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 18/1993.

*Viðskiptaráðuneytið, 20. febrúar 1995.*

F. h. r.
**Þorkell Helgason.**

*Ásgeir Einarsson.*

# VIÐAUKI 1

## Nákvæmnisflokkar lóða.
## Samkvæmt reglugerðum nr. 136 og 137, 1994.

| **Mál-gildi** | **E1** ±mg | **E2** ±mg | **F1** ±mg | **F2** ±mg | **M1** ±mg | **Lóð í milli-nákvæmnisflokki (M2)** +mg |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 50kg | 25 | 75 | 250 | 750 | 2500 | 8000 |
| 20kg | 10 | 30 | 100 | 300 | 1000 | 3200 |
| 10kg | 5 | 15 | 50 | 150 | 500 | 1600 |
| 5kg | 2,5 | 7,5 | 25 | 75 | 250 | 800 |
| 2kg | 1,0 | 3,0 | 10 | 30 | 100 | 400 |
| 1kg | 0,5 | 1,5 | 5 | 15 | 50 | 200 |
| 500g | 0,25 | 0,75 | 2,5 | 8,5 | 25 | 100 |
| 200g | 0,10 | 0,30 | 1,0 | 3,0 | 10 | 50 |
| 100g | 0,05 | 0,15 | 0,5 | 1,5 | 5 | 30 |
| 50g | 0,03 | 0,10 | 0,3 | 1,0 | 3,0 | 30 |
| 20g | 0,025 | 0,08 | 0,25 | 0,80 | 2,5 | 20 |
| 10g | 0,020 | 0,06 | 0,20 | 0,60 | 2,0 | 20 |
| 5g | 0,015 | 0,05 | 0,15 | 0,50 | 1,5 | 10 |
| 2g | 0,012 | 0,06 | 0,12 | 0,40 | 1,2 | 5 |
| 1g | 0,010 | 0,03 | 0,10 | 0,30 | 1,0 | 5 |
| 500mg | 0,008 | 0,025 | 0,08 | 0,25 | 0,8 | |
| 200mg | 0,006 | 0,020 | 0,06 | 0,20 | 0,6 | |
| 100mg | 0,005 | 0,015 | 0,05 | 0,15 | 0,5 | |
| 50mg | 0,004 | 0,012 | 0,04 | 0,12 | 0,4 | |
| 20mg | 0,003 | 0,010 | 0,03 | 0,10 | 0,3 | |
| 10mg | 0,002 | 0,008 | 0,025 | 0,08 | 0,25 | |
| 5mg | 0,002 | 0,006 | 0,020 | 0,06 | 0,20 | |
| 2mg | 0,002 | 0,006 | 0,020 | 0,06 | 0,20 | |
| 1mg | 0,002 | 0,006 | 0,020 | 0,06 | 0,20 | |

# VIÐAUKI 2

## Nákvæmnisflokkar voga.

| Flokkur | Skerðingargildi (e) | Lágmarksþyngd (Min) | Fjöldi skerðingargilda n = Max/e | |
|---|---|---|---|---|
| | | lágmarks-gildi | lágmarks-gildi | hámarks-gildi |
| I | 0,001 g ≤ e | 100 e | 50 000 | — |
| II | 0,001 g ≤ e ≤ 0,05 g | 20 e | 100 | 100 000 |
| | 0,1 g ≤ e | 50 e | 5 000 | 100 000 |
| III | 0,1 g ≤ e ≤ 2 g | 20 e | 100 | 10 000 |
| | 5 g ≤ e | 20 e | 500 | 10 000 |
| IIII | 5 g ≤ e | 10 e | 100 | 1 000 |

20. febrúar 1995 Nr. 123

# REGLUGERÐ

## um breyting á reglugerð nr. 189/1990 um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum.

1. gr.

F-liður 4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

f) Jarðveg, safnhaugamold, óunninn eða kurlaðan trjábörk og húsdýraáburð. Undanskilin er þó mold, sem að meginhluta samanstendur af mosa *(Sphagnum)*, enda sé hún tekin frá óræktuðum svæðum og aldrei verið notuð til ræktunar. Þá er undanskilin mold, sem fylgir rótum plantna eða rótarávöxtum, enda sé hún í óverulegum mæli. Frá löndum þar sem nýsjálenski flatormurinn *(Artioposthia triangulata)* er útbreiddur skulu plöntur og plöntuafurðir vera alveg lausar við mold nema sérstök yfirlýsing sé um það á heilbrigðisvottorði að plönturnar séu frá ræktunarstað þar sem flatormurinn finnst ekki.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 51/1981 um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum og öðlast gildi þegar í stað.

*Landbúnaðarráðuneytið, 20. febrúar 1995.*

**Halldór Blöndal.**

*Jón Höskuldsson.*

**Endurprentað blað.**